

**Ávarp Jóns Kristjánssonar,
heilbrigðis-og tryggingamálaráðherra á Selfossi 21. desember**

Góðir gestir.

Það verða tvenns konar tímamót í heilbrigðisþjónustunni hér á Suðurlandi í dag. Í fyrsta lagi með því að nú hefur verið tekið í notkun stafrænt myndgerðarkerfi fyrir röntgenmyndir, ásamt búnaði til gagnaflutnings milli Heilbrigðisstofnunarinnar á Suðurlandi og Landspítala – háskólasjúkrahúss, og í öðru lagi, með því að nú hefur verið undirritaður samningur milli stofnananna um myndgreiningarþjónustu Landspítala við HSu. Þessi þjónusta felur meðal annars í sér þjónustu röntgenlæknis og úrlestur röntgenmynda.

Undanfarin misseri hefur verið unnið að samkomulaginu af hálfu HSu og LSH í góðu samráði við og með fullum stuðningi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Niðurstaðan er að nú verður hægt að senda röntgenmyndir, sem teknar eru á röntgendeild HSu á Selfossi, til úrlestrar hjá röntgenlæknum LSH í gegnum tölvu. Þetta er afar mikilvægt að mínum dómi. Myndir og svör verða aðgengileg öllum læknum HSu með aðgangsstýrðum vefaðgangi á sama hátt og læknum LSH. Þetta þýðir að þannig fá lækna á HSu sams konar aðgang að myndgreiningarsvörum og væru þeir starfandi á LSH. Þessi þjónusta verður til staðar allan sólarhringinn, ef á þarf að halda. Þessu til viðbótar kemur röntgenlæknir frá LSH á röntgendeildina á Selfossi á dagvinnutíma til að gera ómskoðanir og sinna annarri myndgreiningarþjónustu.

Þegar ég tala um tímamót í þessu sambandi á ég við sjálft samkomulagið, sem undirritað verður og samvinnuna sem tvær stofnanir eru að taka upp, en ég er líka að tala um aukið öryggi fyrir sjúklinga hér á Suðurlandi, og ég er líka að tala um bætta heilbrigðisþjónustu í heimabyggð á grundvelli nýrrar tækni. Myndgreiningartæknin felur nefnilega í sér svo dæmi sé tekið, að röntgenfilmur eru nú ekki lengur notaðar, og ekki er til dæmis þörf á sérstakri aðstöðu til framköllunar röntgenmynda. Hitt er svo stórmál, að við erum hér að stíga enn eitt skrefið inn í hina rafrænu framtíð á sviði heilbrigðisþjónustunnar.

En einmitt á þessu sviði sé ég mikil sóknarfæri bæði í heilbrigðisþjónustunni sjálfri og ekki síður fyrir fyrirtæki á þessu sviði sem eiga og þurfa að búa til lausnirnar sem við getum á þessu mikilvæga sviði samfélagsþjónustunnar nýtt okkur til hagsbóta fyrir samfélagið allt.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið veitti Heilbrigðisstofnun Suðurlands sérstaka fjárveitingu til kaupa á myndgerðarkerfinu, sem nú verður tekið í notkun, og er það von mín að allt okkar starf skili sér fyrir þá sem hingað leita og verði einmitt hvati til að ganga lengra á hinni rafrænu braut og á sviði samvinnu milli stofnana heilbrigðisþjónustunnar.

Rafræn samskipti, rafræn framtíð, er ekki bara nauðsynleg til að bæta þjónustuna í hinum dreifðu byggðum landsins – við alla landsmenn – rafræn vinnsla upplýsinga í heilbrigðisþjónustunni er líka öryggismál fyrir sjúklinga og þar af leiðandi einn af hornsteinunum í þjónustunni við sjúka.

Samvinna Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og Landspítalans og samvinna spítalans við aðrar heilbrigðisstofnanir á svipuðum nótum leiðir til þess í fyrsta lagi að viðkomandi stofnanir eflast og í öðru lagi styrkist Landspítalinn sem þekkingar- og reynslumiðstöð heilbrigðisþjónustunnar. Það er brýnt að menn beggja vegna borðsins átti sig á því, að samvinnu af þessu tagi felast gríðarlegir möguleikar fyrir báða – í þágu landsmanna allra. Menn eiga að nýta sér þá möguleika svo sem formlega er gert hér í dag.

(Talað orð gildir)